

AUGLÝSING um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Lækjartún og Kálfholt.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Lækjartúns og Kálfholts sem tekur til lóðar Kálfholts, L219273, merkt F1 innan deiliskipulags. Breytingin felur í sér að lóðin breytist úr frístundalóð í íbúðarlóð. Einungis er um að ræða lítilsháttar breytingu á afmörkuðu svæði, afmörkun lóðar er óbreytt, byggingarreitur er stækkaður en aðkoman er sú sama. Samþykkt í hreppsnefnd 19. maí 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. júní 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2021